

## Skólaráðsfundur 6. febrúar 2013

Fundinn sátu: Ólafur Björn Stefánsson, Lilja Sigurðardóttir, Guðrún Sighvatsdóttir, Steinunn Hjálmarsdóttir, Inga Lára Sigurðardóttir, Hólmfríður D. Guðmundsdóttir, Jóhannes Friðrik Ingimundarson, Róbert Gunnarsson, Óskar Björnsson, og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

1. Byggingaframkvæmdir. Staðan í byggingamálum skólans var kynnt og upplýsti skólastjóri að byrjað væri að skoða búnaðarkaup og skipulag skólalóðar. Ákveðið hefur verið að skólalóðin verði skipulögð með tilliti til Vinaliðaverkefnisins og mun tæknideild sveitarfélagsins sjá um þá vinnu í samráði við skólann. Stefnt er að því að hluti skólalóðar verði tilbúinn í haust og umferðarmálin leyst. Nokkur umræða um húsgögn í skólastofur og bílastæðismál við skólann.
2. Skipulag skólastarfsins framundan rætt. Fram kom að í næstu viku eru upplestrarkeppni skólans í 7. bekk og íþróttadagur og í framhaldi af því er vetrarfrí 13. – 15. febrúar. Eftir vetrarfrí er árshátíð á miðstigi, 26. – 27. febrúar og 10. bekkjar 12. mars og yngsta stigs eftir páska.
3. Önnur mál.
  - Nokkrar erlendar heimsóknir verða í skólann á næstunni, vegna Comeniusarverkefna sem eru í gangi á yngsta stigi og unglingastigi. Einnig eigum við von á starfsfólki frá þremur innlendum skólum í heimsókn til okkar á næstunni til að kynna sér skólastarfið.
  - Rætt um hugsanlegt skólaskákmót, en vikuleg skákkennsla er í vetur í 5. og 6. bekk, auk þess sem 8. bekk er boðið upp á skákkennslu sem valgrein.

Næsti fundur er fyrirhugaður miðvikudaginn 6. mars 2013 kl. 8:15.